

Alþingi
Erindi nr. P 133/1333
komudagur 13. 2007



Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. febrúar 2007

Efni: Umsögn SVP um samgönguáætlun 2007-2018

Með bréfi dagsettu 21. febrúar og sem barst SVP 22. febrúar er óskað umsagnar um samgönguáætlun til næstu 12 ára og gefinn frestur til þess til 27. febrúar. Um er að ræða viðamikla áætlun sem varðar stefnumótun starfsumhverfis hagsmunaaðila SVP til næstu 12 ára. Um leið og við fögnum því að gerð sé langtímaáætlun um framtíðarstefnumótun í samgöngum gerum við athugasemdir við að hafa ekki fengið tækifæri til að koma að stefnumótuninni á fyrri stigum. Það er ástæða til að áréttta nauðsyn þess að við gerð slíkra áætlana í framtíðinni sé leitað til hagsmunaaðila á vinnslustigi og haft samráð við þá um gerð hennar. Án þess er hætt á að veigamikil atriði vanti inn í stefnumótunina. Þessi umsögn er unnin með hliðsjón af þeim tímafresti sem henni er gefinn og ber að líta á hana með hliðsjón af því.

Ástæða er til að fagna mörgum atriðum í samgönguáætlun og verður þar að nefna sérstaklega markmiðið um að leggja áherslu á grunnet samgöngukerfisins – að vegir verði með nægjanlegt burðarþol allt árið, að breidd þeirra verði nægjanleg og að þeir verði lagðir bundnu slitlagi. Sérstaklega er nefnt að hraða verði uppbyggingu vega til að þjóna atvinnulífinu með viðunandi hætti og er ástæða til að fagna því sérstaklega.

Gerð er sérstök umferðaröryggisáætlun sem miðar að því að fækka dauðaslysum í umferðinni og eru í því sambandi sett tölusett markmið sem einnig ber að fagna. Meðal aðgerða til að ná þessum markmiðum er sérstaklega tiltekið að komið verði upp sérstökum hvíldarsvæðum vegna flutningabifreiða á langleiðum, sem er brýnt hagsmunamál vöruflutningabílstjóra. Þá er m.a. talað um mikilvægi öryggis vega, endurskoðun staðla og síðast en ekki síst minnst á eflingu samstarfs við sveitarfélög og hagsmunaaðila um umferðaröryggismál. Allt eru þetta atriði sem vert er að fagna.

Það vekur athygli að í formála samgönguáætlunar er sérstaklega tiltekið að meta skuli og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur. Tekið er undir þessa fullyrðingu en um leið bent á að ekki er síður þörf á að í samgönguáætlun sé tekið tillit til þarfa atvinnulífs á landsbyggðinni almennt. Atvinnulíf á landsbyggðinni þarfnast þess

ekki síður að tekið sé tillit til þarfa vöruflutninga en ferðapjónustu og er ástæða til að minna á það.

Í áætluninni má sjá hugleiðingar um þjóðhagslega hagkvæmni flutningaleiða og í því sambandi velt upp hvort að strandflutningar geti verið valkostur. Í ljósi mikillar umræðu í þjóðfélaginu um það mál allar götur frá því að strandflutningum var hætt er hér velt upp þeirri hugmynd hvort ekki væri ástæða til að samgöngunefnd Alþingis léti gera könnun á umferðarþunga á vegum landsins á mismunandi tímum og hlutdeild vöruflutningabifreiða í umferðinni. Hvaða vörur vöruflutningabifreiðarnar eru að flytja í hvora átt á hverjum tíma og í framhaldi af því yrði gerð áætlun um hvaða vörur væri hægt að áætla að fluttar yrðu á ströndina. Til samanburðar væri fróðlegt að afla upplýsinga um umferðarþunga og hlutfall vöruflutningabifreiða í þeim löndum og á þeim leiðum innan þeirra sem við viljum bera okkur saman við. Með þessu móti gæfist möguleiki á að tala um staðreyndir í þessu máli og í framhaldi af því taka ákvarðanir sem byggðu á þeim.

Sett er markmið í áætluninni um hagkvæmni í rekstri og uppbyggingu samgangna og er í því sambandi fjallað nokkuð um mögulega gjaldtöku af umferð. Í því sambandi er vert að minna á að þegar og ef gjaldtaka byggð á GPS-tækni verður tekin upp verði gjaldtaka ríkisins af umferð endurskoðuð í heild sinni. Við þá skoðun verði þess ávallt gætt að hafa upplýsingar um gjaldtöku af umferð í löndunum í kringum okkur til samanburðar. Í dag eru álögur íslenska ríkisins á vöruflutninga umtalsvert meiri en í nágrannalöndunum eins og fram kemur í skýrslu Hagfræðistofnunar um jöfnuð samgöngugreina frá 2005. Því er mikilvægt að þær álögur verði ekki auknar enn frekar.

Í kafla um siglingar segir að “Taka beri upp alþjóðlegar kröfur um áhrif siglinga á umhverfið og og taka stefnumarkandi ákvarðanir um beitingu þvingunarúrræða þar sem það á við.” Í þessu sambandi er ástæða til að áréttta nauðsyn þess að ákvarðanir taki einnig mið af alþjóðlegum rannsóknum. Þegar taka á ákvörðun um val á siglingaleiðum svo dæmi sé tekið, er nauðsynlegt að forsendur rannsókna og niðurstöður þeirra liggi fyrir og séu aðgengilegar þeim er málið varðar. Ástæða er til að minna á þetta í tengslum við áhersluatriði í umhverfímálum siglinga í áætluninni þar sem segir að setja þurfi reglur um takmörkun siglinga um líffræðilega mikilvæg hafsvæði. Þegar slíkar takmarkanir eru settar á hlýtur að þurfa að horfa á siglingar allra skipa um viðkomandi hafsvæði en ekki bara sumra.

Hvað varðar flug- og siglingavernd er vísað í athugasemdir SVÞ um fjögurra ára samgönguáætlun.

Varðandi öryggi á vegum er bent á nauðsyn þess að starfsumhverfi vöruflutningabílstjóra verði skoðað sérstaklega. Teknar hafa verið upp á Íslandi evrópskar reglugerðir um aksturs- og hvíldartíma og ökurita. Ekki er að efa að þessar reglur voru settar með það að markmiði að auka umferðaröryggi. Það er fyllsta ástæða til að spyrja hvort reynslan af þessum reglum sé sú að þær hafi aukið umferðaröryggi. Íslenskar aðstæður eru um margt sérstæðar. Vegalengdir eru hér tiltölulega stuttar ef borið er saman við svæði Evrópusambandsins, veður válynd og vegir eða aðstæður oft engan veginn sambærilegar


við það sem þar gerist. Ástæða er til að ítreka, að í 12 ára samgönguáætlun verði þetta starfsumhverfi skoðað í heild sinni með tilliti til umferðaröryggis.

Samtökin fagna því að í umfjöllun um öryggi vega er bent á nauðsyn þess að gera samgöngumannvirki og umhverfi þeirra þannig úr garði að afleiðingar mistaka ökumanna verði sem minnstar. Það er full þörf á að leggja sérstaka áherslu á úttekt og lagfæringar á umhverfi veganna. Stöðlun og einsleitni umferðarmannvirkja og að tekið sé tillit til þarfa vöruflutninga við hönnun umferðarmannvirkja er mikilvægt öryggisatriði. Hér er ástæða til að ítreka kröfu SVP um að við hönnun og framkvæmdir verði haft samráð við hagsmunaaðila til að tryggja þetta mikilvæga öryggisatriði.

Í kafla um grunnnet samgöngukerfisins er sérstakur kafli um ferðþjónustu og samgöngur – sem fyrr segir er fyllsta ástæða til að fagna því á sama tíma og bent er á nauðsyn þess að sama áhersla sé lögð á atvinnulíf almennt á landsbyggð og samgöngur. Það er engin ástæða til að gera einni tegund atvinnulífs hærra undir höfði heldur en öðrum. Samgöngukerfið er lífæð atvinnulífs af hvaða tegund sem það er. Þungatakmarkanir á vegum í dag eru mjög takmarkandi þáttur og gerir samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggð mun erfiðari en ella væri. Í samræmi við það þarf að bæta við áætlunina markmiði um þjónustu við atvinnulíf almennt á vegum í stað þess eins og þar stendur nú, að bæta verði aðgengi að fjölsóttustu ferðamannastöðunum með bættri vetrarþjónustu. Vetrarþjónusta er ekki síður mikilvæg fyrir vöruflutninga en ferðamannaþjónustu.

Hér hefur verið stiklað á mjög stóru um mikið hagsmunamál vöruflutningagreinarinnar sem er samgönguáætlun til 12 ára. Hagsmunamálin eru mörg umfram það sem hér er dregið á. Hér er verið að veita umsögn um stefnumarkandi áætlun fyrir atvinnugreinina til framtíðar lítið. Það gefur auga leið að vegna tímaskorts er hér einungis minnst á þau atriði sem mest hafa verið í umræðu innan greinarinnar, þ.e.a.s. samgöngumál á landi og siglingaleiðir skipa. Enn og aftur er ítrekuð nauðsyn þess að samgönguráð veiti hagsmunaaðilum í hverri grein áheyrn eða kalli til sín á vinnslustigum svona áætlana. Einungis með því móti er hægt að tryggja að aðalatriði hvers málaflokks komist að og verði tekin til skoðunar.

Virðingarfyllst,


Signý Sigurðardóttir
Forstöðumaður flutningasviðs